

## Fjölskyldustefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Fjölskyldan er mikilvægasta eining hvers samfélags og allar framfarir og framkvæmdir sem samfélög ráðast í miða að því að styrkja fjölskylduna á einn eða annan hátt. Þannig eru öll samfélög fjölskyldumiðuð og stefna fyrst og fremst að bættum hag íbúanna. Fjölskyldueiningin verður sífellt fjölbreyttari og þarfir íslenskra fjölskyldna breytast með tímanum, því er mikilvægt að þjónusta sveitarfélaga taki mið af því og sé þannig sveigjanleg og fjölbreytt. Fjölskylduráð félagsmálaráðuneytisins skilgreindi hugtakið fjölskylda á eftirfarandi hátt: „*Fjölskyldan er hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Meðlimir eru oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingur, ásamt barni eða börnum (þeirra). Þeir eru skuldbundnir hvorum öðrum í siðferðilegri gagnkvæmri hollustu.*”

Tilgangur fjölskyldustefnunnar er sá að ná fram heildarsýn á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa, gera starfið í málefnum fjölskyldunnar markvissara og auka lífsgæði íbúa með bættri þjónustu. Meginmarkmið fjölskyldustefnunnar eru:

- Að styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverki sínu og efla umræðu og fræðslu um hlutverk og ábyrgð fjölskyldunnar á uppeldi barna.
- Að stofnanir bæjarins starfi í samvinnu við fjölskylduna og styðji foreldra við að axla ábyrgð á uppeldi barna sinna.

Stefna sú er hér birtist er endurskoðuð og uppfærð útgáfa af fjölskyldustefnunni sem mótuð var og unnin með þátttöku allra framboða í bæjarstjórn og samþykkt árið 2010.

## **Fræðslumál**

Skólastarfið er einn mikilvægasti þátturinn í lífi og starfi hvers fjölskyldu. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsfólks í skólastarfi. Unnið sé markvisst að því að stuðla að heilbrigðri sjálfsmynd nemenda.

Skólastarf tekur mið af hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar og leggur einnig áherslu á hollustu, hreyfingu og almennar forvarnir þar sem grunnurinn er lagður að heilbrigðu líferni. Góð samvinna heimilis og skóla er ávallt mikilvæg fyrir farsælt skólastarf.

Sveitarfélagið leggur áherslu á gott samstarf við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu sem og aðrar fræðslustofnanir. Mikilvægt er að íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að námstækifærum sem snerta bæði störf þeirra og áhugasvið.

*Nánar um fræðslumál, þ.e. innra starf skólanna, má finna í skólastefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.*

**Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að öll börn eigi kost á leikskólaplássi við eins árs aldur.
- Að leikskólagjöld verði ávallt samkeppnishæf miðað við önnur sambærileg sveitarfélög.
- Að sveitarfélagið bjóði foreldrum barna á leik- og grunnskólaaldri uppeldisnámskeið og fræðslu.
- Að veitt sé sérfræðiaðstoð eftir þörfum á öllum skólastigum.
- Að halda uppi góðu samstarfi skóla og íþrótta- og tómskundafélaga þannig að íþrótta- og tómskundastarf barna geti farið fram í eðlilegu framhaldi af skólastarfi.
- Að vinna markvisst að almennum forvörnum.
- Að boðið sé upp á almenna símenntun og fjarnám á framhalds- og háskólastigi.
- Að styðja við fræðslu- og félagsstarf eldri íbúa.

## **Heilbrigðismál**

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur umsjón með heilbrigðisþjónustu í sveitarfélaginu og er það stefna þess að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu. Jafnframt er lögð áhersla á að boðið verði upp á reglubundna og fjölbreytta sérfræðiþjónustu eftir föngum.

Til þess að stuðla að bættum lífsgæðum íbúa er það markmið sveitarfélagsins að styðja þá til sjálfstæðrar búsetu á heimilum sínum. Því er lögð áhersla á öfluga heimaþjónustu, heimsendan mat og aðra þjónustu óháð búsetu.

Heilbrigðisstofnun Suðausturlands er leiðandi á sviði lýðheilsu íbúa sveitarfélagsins og sinnir forvörnum í samvinnu við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og félagasamtök.

*Nánar um heilbrigðismál má finna í stefnu Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands.*

**Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að heilbrigðisstofnun haldi úti öflugri heimahjúkrun.
- Að gott samstarf sé milli heilbrigðisstofnunar, félags- og fræðsluþjónustu.
- Að boðið sé upp á dagdvöl fyrir aldraða með fjölbreyttu starfi.
- Að boðið verði upp á heimsendan mat óháð búsetu.
- Að boðið sé upp á uppeldisnámskeið fyrir nýja foreldra.
- Að íbúar sveitarfélagsins njóti þjónustu sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu.

## **Félagspjónusta**

Markmið félagspjónustu Hornafjarðar er m.a. að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Við framkvæmd þjónustunnar er það haft að leiðarljósi að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á eigin lífi, styrkja hann til sjálfshjálpar og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

Hlutverk félagspjónustu og barnaverndarnefndar er að standa vörð um réttindi og hagsmuni barna. Markmiðið er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði og skal það m.a. gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar.

Stefna sveitarfélagsins er að starfsmenn félagspjónustunnar eigi gott samstarf við leik, grunn- og framhaldsskóla, heilbrigðisstofnun, lögreglu og aðrar stofnanir sem við á og sinni forvörnum í víðtæku samstarfi.

### **Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að niðurgreiðslur vegna daggæslu í einkahúsum séu samkeppnishæfar.
- Að halda úti dagdvöl fyrir fatlaða með fjölbreyttri afþreyingu.
- Að stutt sé við endurhæfingu einstaklinga með skerta starfsgetu.
- Að sveitarfélagið bjóði upp á ferðapjónustu fyrir aldraða og fatlaða.
- Að stuðla að fjölbreytni í búsetumöguleikum eldri íbúa.
- Að stofnanir og útivistarsvæði verði aðgengileg fyrir alla.
- Að allir íbúar eigi greiðan aðgang að upplýsingum um þjónustu á vegum sveitarfélagsins.
- Að stuðlað verði að virkri þátttöku allra íbúa í samfélaginu.
- Að sveitarfélagið bjóði eldri íbúum upp á aðstoð vegna viðhalds garða og snjómokstur sé þess þörf.

### **Íþróttá-, æskulýðs- og tómstundamál.**

Forvarnargildi íþróttá og tómstunda er óumdeilt og leggur Sveitarfélagið Hornafjörður því metnað sinn í að bjóða upp á fjölbreytta aðstöðu til íþróttá og tómstunda fyrir alla fjölskylduna.

Fylgja þarf eftir þeirri miklu uppbyggingu íþróttamannvirkja sem hefur átt sér stað og tryggja sem besta nýtingu þeirra í þágu allra aldurshópa. Með tilkomu Vöruhússins hefur Sveitarfélagið skapað vettvang fyrir íbúa til fjölbreyttrar sköpunar og tómstunda sem þróa þarf áfram.

### **Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að veittir verði styrkir til íþróttá- og ungmennafélaga og annarra samtaka til barna- og/eða fjölskyldustarfs í forvarnarskyni.
- Að afreksfólk í íþróttum verði styrkt og heiðrað.
- Að lögð sé áhersla á að staðið sé fyrir fjölskylduvænum heilsueflandi atburðum allt árið um kring.
- Að starfssemi félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar verði eflað og stuðlað að fjölbreyttu úrvali afþreyingar fyrir börn og unglina.
- Að stutt verði við íþróttá, tómstunda- og félagsstarf eldri íbúa.
- Að ungmennalýðræði verði eflt m.a. með starfandi ungmennaráði sem sé bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að starfssemi Vöruhússins verði markvisst eflað og þróuð með sérstaka áherslu á skapandi greinar og nýsköpun.

## **Lýðheilsa og forvarnir**

Hugtakið lýðheilsa nær yfir heilsuvernd, heilsueflingu og forvarnir. Lýðheilsustarf miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði og fyrirbyggja slæma þróun t.d. af völdum neyslu áfengis- og vímuefna eða ákveðins lífstíls. Með lýðheilsu- og forvarnarstarfi er átt við starf sem stuðlar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði fólks á öllum aldri.

Hlutverk fjölskyldunnar og sú fyrirmynd sem foreldrar eru börnum sínum er mikilvægust af öllum forvörnum í uppvexti barns. Ábyrgð, umhyggja, aðhald, hvatning og stuðningur skiptir þar miklu varðandi sjálfsmynd og sjálfsvirðingu barna og ungmenna. Í uppvextinum er grunnurinn lagður og þá skiptir máli að foreldrar og fagmenn sameinist um að rækta með börnum jákvæða og sterka sjálfsmynd sem þau geta byggt á.

Í starfi um lýðheilsu og forvarnir er lögð áhersla á mikilvægi víðtæks samráðs og samstarfs fagfólks og íbúa þar sem m.a. verður unnið á eftirfarandi sviðum:

**Almennar forvarnir** þar sem boðið er upp á fræðslu og ýmsa viðburði til að hvetja og vekja íbúa til umhugsunar um heilbrigða lífshætti, unnið gegn hvers kyns fordómum og hvatt til þess að almennum reglum s.s. um aldurstakmörk og útivist sé fylgt.

**Sértækar forvarnir** beinast að ákveðnum hópum eða sviði með því m.a. að aðstoða við að draga úr neikvæðri birtingarmynd hegðunarvanda, draga úr eða koma í veg fyrir neyslu, bæta umferðarmenningu o.fl.

**Inngrip** beinast að einstaklingi í vanda sem kallar á sérhæfðan stuðning og úrræði.

**Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að auka samvinnu skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu og stuðla þannig að bættum lífsgæðum fólks á öllum aldri.
- Að efla lýðheilsu með áherslu á jákvæðar og fjölbreyttar forvarnir og kynna afrakstur þess starfs árlega.
- Að stofnaður verði þverfaglegur samstarfshópur um forvarnir sem vinnur aðgerðaáætlun á hverju hausti þar sem aðgerðir eru skipulagðar og tímasettar.
- Að vinna forvarnaráætlun á hverju skólastigi í samræmi við aldur og þroska.
- Að boðið sé upp á fræðslu- og stuðning fyrir mismunandi hópa, s.s. eldri borgara, fatlaða, foreldra ungra barna, foreldra unglinga o.s.frv.
- Að tryggt sé eftir bestu getu að þeir einstaklingar sem vinna með börnum og unglíngum séu þeim góðar fyrirmyndir.
- Að hvetja fyrirtæki til að setja sér stefnu um heilsuvernd.

### **Menningar- og safnamál**

Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Hornafjarðarsöfn vinna að fjölbreyttum verkefnum sem falla að því að efla og styrkja menningarvitund íbúa í sveitarfélaginu. Miðlun og aukin sýnileiki á menningararfi héraðsins og sérstöðu þess í sögu og náttúru er megin forsenda blómlegs menningarstarfs og upplifunar á sviði safna og sýninga.

Starf Menningarmiðstöðvarinnar býður upp á vettvang til að færa fjölskylduna saman á uppbyggilegan hátt í gegnum fræðslu og menningu. Þar er lögð áhersla á að bjóða upp á fjölbreytt úrval viðburða og lifandi menningarstarf sem höfðar til allra aldurshópa.

**Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að menning og listir séu aðgengilegar öllum íbúum sveitarfélagsins.
- Að Menningarmiðstöð haldi úti öflugum barna- og unglingsstarfi.
- Að efla áhuga íbúa á menningu og menningararfi.
- Að íbúar hafi aðgang að aðstöðu til listsköpunar í samstarfi við Vöruhús og fleiri aðila.

## **Umhverfis- og skipulagsmál**

Í umhverfisstefnu sveitarfélagsins er sjálfbærni höfð að leiðarljósi og er helsta markmið hennar að umhverfi íbúa verði aðlaðandi, snyrtilegt og hvetjandi. Stefnt er að því að Sveitarfélagið Hornafjörður verði í fremstu röð sveitarfélaga við verndun umhverfis og náttúru, það verði eftirsótt til búsetu sem vistvænt sveitarfélag með heilnæmu og aðlaðandi umhverfi.

Umhverfi og náttúra sveitarfélagsins er fyrir íbúa til að njóta allan ársins hring og er því verndun umhverfis og náttúru hagur allra.

Mikilvægt er að hafa þarfir fjölskyldna að leiðarljósi við skipulagsmál í sveitarfélaginu. Ennfremur er mikilvægt að efla umhverfisvitund íbúanna þannig að allir virði umhverfi sitt og náttúru til þess að komandi kynslóðir geti notið þess á sama hátt.

**Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Að flokkun sorps verði aðgengileg fyrir alla íbúa og að áfram verði unnið að minnkun á magni sorps til urðunar.
- Að farið verði yfir leikvelli í sveitarfélaginu og metin þörf á endurnýjun og staðsetningu þeirra, með þarfir allra aldurshópa í huga.
- Að lögð verði áhersla á uppbyggingu gang-, hjólareiða- og reiðstíga innan sveitarfélagsins.
- Að ráðist verði í endurskipulagningu og viðhald gangstétta í þéttbýli.
- Að sveitarfélagið bjóði upp á fjölbreytt og stöðugt framboð byggingarlóða.
- Að lögð sé áhersla á þátttöku íbúa í fegrun og uppbyggingu opinna svæða.
- Að gera úttekt á aðgengismálum hjá sveitarfélaginu og vinna úrbótaáætlun í kjölfarið.
- Að samgöngur geti stuðlað að fjölbreyttu búsetuformi og aðgengi að náttúru og nærsamfélagi.
- Að opinber þjónusta sé aðgengileg og öllum gert kleift að nýta sér þá þjónustu sem boðið er upp á í sveitarfélaginu.
- Að skipulag geri ráð fyrir uppbyggingu útivistasvæða og tryggi að landsvæði undir tómsundur sé til staðar.



### **Málefni nýrra íbúa**

Það er stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar að vel sé tekið á móti nýjum íbúum þess. Mikilvægt er að hafa í huga mismunandi þarfir þeirra sem flytjast til sveitarfélagsins og því þarf að tryggja ítarlega upplýsingagjöf við móttöku sem tekur mið af ólíkum fjölskyldugerðum og uppruna.

Stefnan er að allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnra tækifæra og séu virkir þátttakendur á flestum sviðum mannlífssins. Til að svo geti orðið þurfa íbúar að erlendum uppruna að eiga greiðan aðgang að íslenskunámi. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli sveitarfélagsins og atvinnurekenda sem er forsenda þess að geta tekið vel á móti nýjum íbúum og tryggja örugga upplýsingagjöf til þeirra.

### **Til þess að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi verður leitast við að ná eftirfarandi markmiðum:**

- Samstarf verði aukið við atvinnurekendur í sveitarfélaginu vegna íslenskukennslu.
- Að starfsmenn sveitarfélagsins af erlendum uppruna eigi þess kost að sækja íslenskukennslu á vinnutíma og sýna þannig öðrum atvinnurekendum gott fordæmi.
- Að útbúinn verði staðbundinn upplýsingabæklingur fyrir nýja íbúa sveitarfélagsins.
- Að nýir íbúar eigi kost á móttökuvíðtali við flutning til sveitarfélagsins.
- Að gerðar verði verklagsreglur um túlkajónustu hjá einstaka stofnunum sveitarfélagsins.
- Að bókasafn sveitarfélagsins bjóði upp á fjölbreytt úrval bóka og tímarita fyrir íbúa af erlendum uppruna
- Þýða þarf efni til foreldra frá skólum á móðurmál viðkomandi foreldra eftir föngum.
- Að upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins séu aðgengilegar íbúum að erlendum uppruna.
- Að auka þekkingu íbúa sveitarfélagsins á mismunandi menningarheimum.

